



Sigríður Ólafsdóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands:



*The development of vocabulary and reading comprehension among Icelandic second language learners, á íslensku Þróun orðaforða og lesskilnings íslenskra grunnskólanema sem eiga annað móðurmál en íslensku*

Athöfnin fer fram föstudaginn 11. september nk. kl. 13:00 í Hátíðasal Háskóla Íslands.

Andmælendur eru dr. Anne R. Vermeer prófessor við Tilburg háskóla í Hollandi og dr. Jóhanna Thelma Einarsdóttir dósent við Háskóla Íslands.

Leiðbeinendur voru dr. Freyja Birgisdóttir, aðalleiðbeinandi, dósent við Háskóla Íslands og meðleiðbeinendur dr. Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og dr. Hetty Roessingh, prófessor við Háskólann í Calgary, Kanada. Auk þess sat í doktorsnefndinni dr. Sigurgrímur Skúlason sérfræðingur hjá Námsmatsstofnun.

Dr. Ólafur Páll Jónsson, deildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar Menntavísindasviðs, stjórnar athöfninni.

Allir velkomnir

Föstudaginn 11. september nk. kl. 13:00 fer fram doktorsvörn frá Uppeldis- og menntunarfræðideild við Menntavísindasvið, Háskóla Íslands. Þá ver Sigríður Ólafsdóttir ritgerð sína *The development of vocabulary and reading comprehension among Icelandic second language learners á íslensku Þróun orðaforða og lesskilnings íslenskra grunnskólanema sem eiga annað móðurmál en íslensku.*

## Um verkefnið

Markmið rannsóknarinnar var að kanna þróun orðaforða og lesskilnings íslenskra grunnskólanema með íslensku sem annað tungumál (ísl2), tengsl á milli þessara færniþátta og áhrif mikilvægra bakgrunnsbreyta. Tveir aldurshópar voru prófaðir þrisvar: yngri hópurinn (49 börn) í fjórða, fimmta og sjötta bekk og eldri hópurinn (41 barn) í sjötta, sjöunda og áttunda bekk. Samanburðarhópur jafnaldra með íslensku sem móðurmál (ísl1; 41 barn í yngri hópunum og 55 í þeim eldri) var prófaður samtímis. Vaxandi munur kom í ljós á orðaforða ísl1 og ísl2 barnanna. Yfirburðir ísl1 barnanna komu einnig fram í notkun þeirra á hærra stigs orðaforða, en fjöldi slíkra orða hækkaði með aukinni færni ísl2 og ísl1 barnanna í að setja fram hugmyndir sínar í rituðu máli og færa rök fyrir þeim. Lesskilningur beggja hópanna þróaðist hægt á tímabilinu en ísl1 hópurinn hélt jöfnu forskoti sínu. Íslenskur orðaforði ísl2 og ísl1 barna í fjórða bekk spáði fyrir um gengi í lesskilningi, þannig að þeir sem höfðu mestan orðaforða juku stigafjölda sinn á lesskilningsprófunum hraðar en þeir sem höfðu minnstan orðaforða. Því eldri sem ísl2 nemendurnir voru þegar þeir komu til landsins því hraðar juku þeir stigafjölda sinn á orðaforða- og lesskilningsprófum. Munur á ísl2 þátttakendum með evrópsk móðurmál og þeim sem eiga móðurmál sem ekki eru evrópsk kom fram á orðaforða- og lesskilningsprófum í öllum bekkjum, fyrrnefndi hópurinn var alltaf hærrí. Færni og lestrarkunnátta í móðurmáli, að mati foreldra, móðurmálskennsla og menntunarstig móður höfðu hvorki áhrif á orðaforða og lesskilning ísl2 barnanna, né á hversu hratt sú færni þróaðist.

## About the project

The purpose of this study was to explore the development of vocabulary and reading comprehension among Icelandic second language learners (Ice2), the relation between these skills and to examine the extent to which linguistic and contextual factors might influence their emergence. Two age groups of Ice2 learners were tested at three time points; the younger group (49 children) in grades four, five, and six, and the older group (41 children) in grades six, seven, and eight. A comparison group of age peers with Icelandic as their first language (Ice1; 41 children in the younger group and 55 in the older group) was tested concomitantly. The Ice2 children had lower vocabulary scores than the Ice1 children in grade four and the gap between the two groups widened during the study period. The Ice1 learners' superior vocabulary skills were also reflected in their greater use of higher order, academic words. For both groups, the number of these words went up in line with an increased ability to express their ideas in print in support of their arguments. While both the Ice2 and the Ice1 children made an unstable improvement in reading comprehension, the gap between the two groups remained the same. Icelandic word skills in fourth grade positively predicted the rate of growth in reading comprehension for both the Ice2 and the Ice1 children. This means that those who started with better word skills increased their reading comprehension scores at a faster rate than those who started with poorer vocabulary. The older the Ice2 learners were when they arrived in Iceland the faster they increased their vocabulary and reading comprehension scores. A difference emerged in each grade between the vocabulary and the reading comprehension skills of Ice2 learners with European first languages and their Ice2 peers with non-European first languages, always in favour of the former. First language proficiency and literacy, as estimated by parents, first language instruction, and maternal education did not influence initial vocabulary and reading comprehension scores or the rate of growth.

## Um doktorsefnið

Sigríður Ólafsdóttir fæddist 9. ágúst 1958. Hún lauk stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands 1978, BA prófi í frönsku 1994 frá Háskóla Íslands og kennslu- og uppeldisfræði ári síðar frá sama skóla. Sigríður bjó í Hollandi með fjölskyldu sinni í 5 ár þar sem hún tók lokapróf í hollensku sem öðru tungumáli og kenndi íslensku sem erlent mál. Sigríður kenndi

Í móttökudeild Háteigsskóla á árunum 2000-2006. Hún stofnaði, ásamt Önnu Guðrúnu Júlíusdóttur, Námsgagnavefinn Kötlu árið 2004, þar sem þær miðluðu námsefni í íslensku sem öðru tungumáli, með sérstakri áherslu á orðaforða, ásamt fræðilegum grunni sem námsefnið byggði á. Sigríður lauk MA prófi árið 2010 með rannsókninni *Íslenskur orðaforði íslenskra grunnskólanema sem eiga annað móðurmál en íslensku*. Sigríður hefur starfað sem stundakennari í Háskóla Íslands frá árinu 2012 og er nú umsjónarmaður námskeiðsins Tvítýngi og læsi á Menntavísindasviði. Sigríður er gift Höskuldi Hrafn Ólafssyni og eiga þau þrjú börn, Ólaf Hrafn, Ásgerði og Sigríði, og tvö barnabörn, Ásgeir Ragnar og Höskuld Hrafn. Tengdabörnin eru Karítas Diðriksdóttir og Sigurjón Ragnar Rögnvaldsson.